

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Álfhella 15.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Álfhella 15 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,6. Einnig er bætt við innkeyrslu við Álfhelli í vestur.

*Breyting á deiliskipulagi Sléttuhlíðar 123132.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 13. maí 2008 breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar 123132 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að markaður er byggingarreitur á 2.500 m<sup>2</sup> lóð fyrir frístundahús og legu stofnlagna breytt og þær lagðar að lóðarmörkum.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. júní 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir**, arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2008